

Miðvikudaginn 5. apríl 1995.

Nr. 112/1995.

Hreiðar Bergur Hreiðarsson

(Róbert Árni Hreiðarsson hdl.)

gegn

Wan Eknarin

Kærumál. Frávísunarúrskurður staðfestur. Stefnubirting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 23. mars 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 28. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 22. mars sl., þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðila er vísað frá dómi án kröfu. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að fella efnisdóm á málið. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Héraðsdómsstefna í máli þessu á hendur varnaraðila var birt 10. janúar 1995 fyrir Wanniku Saithong, þar sem hún var stödd á heimili sóknaraðila, en þar á varnaraðili jafnframt lögheimili. Sóknaraðili hefur lagt fyrir Hæstarétt yfirlýsingu Wanniku Saithong frá 3. apríl 1995 um það, hvern hátt hún hafi haft á við að koma til varnaraðila afriti stefnu í málinu. Jafnframt hefur sóknaraðili í yfirlýsingu sama dag lýst yfir, hvernig hann hafi aðstoðað hana við það, er að framan greinir. Þar kemur fram, að sóknaraðili hafi tekið að sér að pósthleggjá afrit stefnunnar til varnaraðila á pósthfang í Tælandi.

Samkvæmt þessu verður ekki talið, að stefna í máli þessu hafi verið birt svo, að viðhlítandi sé. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 22. mars 1995.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. febrúar 1995, er höfðað fyrir dómþingiinu með stefnu, birtri 10. janúar 1995, á hendur Wan Eknarin, kt. 110753-2179, Hraunbæ 116, Reykjavík. Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði dæmd til að þola ógildingu á 3. gr. kaupmála á milli stefnanda og stefndu, dags. 25. 6. 1991, skrásettum í kaupmálabók sama dag, en greinin hljóðar svo: „Komi til skilnaðar milli okkar skv. ósk mannsins, skal lítið svo á, að kaupmáli þessi sé fallinn úr gildi, og fer þá um skipti milli okkar skv. lögum.“ Þá krefst stefnandi málskostnaðar skv. fram lögðum málskostnaðarreikningi úr hendi stefndu að viðbættum virðisaukaskatti á málflyttingsþóknun.

Mál þetta var þingfest á reglulegu dómþingi 16. febrúar 1995 og dómtekið sama dag. Hinn 28. febrúar 1995 var málið endurupptekið til framlagningar gagna af hálfu stefnanda. Málið var dómtekið á ný sama dag.

Málsatvik og málsástæður.

Stefnandi og stefnda gengu í hjónaband 26. júní 1991 og gerðu með sér kaupmála sama dag, þar sem nánar tilteknað eignir stefnanda voru gerðar að séreign hans. Í 3. gr. kaupmálans var þó gerður sá fyrirvari, að kæmi til skilnaðar milli þeirra skv. ósk stefnanda, skyldi lítið svo á, að kaupmálinn væri úr gildi fallinn, og færi þá um skipti milli þeirra skv. lögum. Stefnandi segir stefndu aldrei hafa haft áhuga á því að dveljast og búa á Íslandi. Hún hafi einungis sýnt sér áhuga fyrir hjúskapinn og gefið sér gyllivonir um gott og hamingjuríkt samband þeirra, en að eftir giftingu þeirra hafi hún gerst honum afhuga og ekki sinnt hjónabandskyldum sínum. Í stefnu rekur stefnandi ferðir stefndu til útlanda, eftir að þau giftu sig, sem hann segist hafa kostað. Hann segist einnig hafa borgað för dóttur stefndu hingað til lands og nám fyrir hana í Englandi ásamt ferðakostnaði. Stefnandi segir stefndu einungis hafa dvalist með sér í örfáa mánuði þann tíma, sem þau hafi verið gift. Stefnda hafi í september 1992 enn á ný farið til útlanda og ekki komið til Íslands síðan, en hún hafi haft símasamband „collect“. Stefnandi segir, að erfitt sé að henda reiður á, hvar stefnda sé niður komin.

Stefnandi kveðst telja, að stefnda sé vísitandi að hafa af sér fé og eignir. Hann segir hana hafa fengið sig með blekkingum til að giftast sér. Stefnda hafi enn fremur vélað sig til að breyta ákvæðum kaupmálans á þann veg, að hann geti ekki skilið við hana, án þess að hún fengi helming eigna hans. Stefnandi kveður allar forsendur brostnar fyrir gildi 3. gr. kaupmálans, enda sé hann til kominn vegna ætlaðra svika í auðgunarskyni. Hann krefst því ógildingar þessarar greinar kaupmálans. Stefnandi segir málsókn nauð-

synlega, þar sem það sé ætlun sín að leita eftir skilnaði að fenginni ógildingu kaupmálans.

Forsendur og niðurstöður.

Við þingfestingu málsins var ekki sótt þing af hálfu stefndu. Stefnda er tælenskur ríkisborgari, en samkvæmt vottorði Hagstofu Íslands, dagsettu 26. júlí 1994, á hún skráð lögheimili að Hraunbæ 116, Reykjavík. Stefnandi hefur enn fremur lagt fram útprentun úr Þjóðskrá, dags. 27. febrúar 1995, þar sem fram kemur, að lögheimili stefndu sé enn að Hraunbæ 116, Reykjavík. Málið er því réttilega höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, sbr. 1. mgr. 32. gr. laga nr. 91/1991.

Mál til ógildingar 3. greinar umrædds kaupmála var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur 29. september 1994. Stefna í því máli var birt í Lögbertingablaði. Málinu var vísað frá með úrskurði, sem var kveðinn upp 10. nóvember sama ár, þar sem ekki þótti vera fullnægt skilyrðum 89. gr. laga nr. 91/1991 til þess að birta stefnuna með þeim hætti. Stefnandi kærði þennan úrskurð til Hæstaréttar, sem staðfesti hann með dómi 20. desember 1994 með vísan til þess, að stefnda ætti lögheimili að Hraunbæ 116 í Reykjavík, þar sem heimilt væri að birta stefnu á hendur henni, sbr. a-lið 3. mgr. 85. gr. laga nr. 91/1991. Stefna í því máli var birt á skráðu lögheimili stefndu að Hraunbæ 116. Af fyrrgreindri niðurstöðu Hæstaréttar verður ráðið, að ekki skiptir máli, að stefnda hefur ekki búið á skráðu lögheimili sínu í rúm tvö ár, en fyrir Hæstarétti lá meðal annars vottorð birtingarmanns, dags. 15. ágúst 1994, þar sem fram kemur, að stefnda hafi flust frá Hraunbæ 116 fyrir tveimur árum og ekkert af henni frést síðan.

Í máli þessu er sú óvenjulega staða uppi, að skráð lögheimili stefndu er jafnframt heimili stefnanda, eins og fram kemur í stefnu. Má því ætla, að þar hittist að jafnaði ekki aðrir fyrir en þeir, sem með einhverjum hætti tengjast stefnanda. Samkvæmt birtingarvottorði var stefnan birt fyrir Wanniku Saithong, sem var samkvæmt birtingarvottorði „í sömu íbúð“. Stefnandi hefur lagt fram yfirlýsingu, dagsetta 15. júní 1993, undirritaða af Wanniku Saithong, máli sínu til stuðnings, og er í henni að finna staðhæfingar um stefndu, sem ef til vill mætti túlka henni í óhag.

Í 3. mgr. 82. gr. laga nr. 91/1991 er kveðið á um, að stefnu megi ekki birta fyrir gagnaðila stefnda eða manni, sem gæti verið í fyrirsvari fyrir gagnaðila. Að vísu er Wannika Saithong ekki í slíkum tengslum við stefnanda, sem þar um ræðir, en hins vegar er vegna tengsla hennar við sakarefni málsins hætt á, að um sé að ræða sams konar hagsmunaaðreksa og liggja fyrrnefndu lagaákvæði til grundvallar. Tilgangurinn með reglum um birtingu stefnu er sá að reyna að tryggja, að stefndi fái vitneskju um, að þing-

fasta eigi mál á hendur honum á tilteknum stað og tíma, og enn fremur kynna honum kröfur stefnanda og röksemdir fyrir þeim, enda er það meginregla, að stefna skuli að jafnaði birt fyrir stefnda sjálfum, sbr. 2. mgr. 85. gr. laga nr. 91/1991. Samkvæmt þessu verður ekki talið, að fyrir liggi lögleg stefnubirting, og verður því ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá dómi án kröfu.

Úrskurðinn kvað upp Áslaug Björgvinsdóttir dómarafulltrúi.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi án kröfu.
